

Stjórnarfundur í Oddafélaginu haldinn miðvikudaginn 12. febrúar 2014 kl. 15 í Espigerði 2 í Reykjavík, heimili formannsins.

Mætt voru: Þór Jakobsson formaður, Íris Björk Sigurðardóttir, Sigrún Ólafsdóttir og Guðbjörg Arnardóttir, Helgi Þorláksson og Birgir Jónsson, Drífa Hjartardóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund og lagði fyrir eftirfarandi dagskrá

1. Aðalfundur í Safnaðarheimili Oddasóknar, Hellu, miðvikudaginn 26. febrúar nk.
2. Sæmundarstund hjá Sæmundi á selnum framan við Aðalbyggingu H.Í., vonandi á vorjafndægum fimmtudag 20. mars nk.
3. Oddastefna í Þjóðminjasafninu laugardag 24. maí nk.
4. Óafgreiddir liðir frá síðasta stjórnarfundum, sjá fundargerð.
5. Viðtal Þ.J. við Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjavörð, um þessar mundir hjá forsætisráðherra, mánudag 17. febrúar nk.
6. Slen og/eða áhugaleysi ráðamanna.
7. Önnur mál.

1. Aðalfundur verður haldinn kl. 16:00 umræddan dag. Héraðsnefnd greiðir fyrir kaffiveitingar. Stjórnarmeðlimir sem mættir voru gefa áfram kost á sér til stjórnarsetu. Ræða á að aðalfundinum hvort félagið eigi að vera aðili að samtökum um sögutengda ferðaþjónustu. Mun formaður kanna hvað aðildin kostar.

2. Þetta árið á umsjón Sæmundarstundar að vera í höndum Félagsvísindadeildar. Formaður telur heppilegast að starfsmaður við skrifstofu rektors sé einnig umsjónaraðili svo stundin verði árviss.

3. Rætt var um möguleg erindi á Oddastefnu. Formaður skoraði á Helga að flytja erindi tengt Snorra Sturlusyni og féllst hann á það. Guðbjörg tók einnig að sér að flytja erindi sem fjallar um ferðamenn í Odda og hvað fólk sækist helst eftir. Formaður tók að sér að hafa samband við Ugga Ævarsson minjavörð á Suðurlandi og mögulega Rögnvald Guðmundsson ferðamálafræðing.

5. Formaður ræddi um þau mál er hann hyggst ræða í viðtali sínu við Margréti. Þakkaði stjórnin honum frumkvæðið að því að ná viðtali og hvatti hann áfram. Vonaði stjórn að eftir viðtalið og á komandi tímum myndi sjötti efnisliður fundarins ekki koma til umræðu aftur.

7. Guðbjörg fékk leyfi stjórnar til þess að sækja um styrk hjá Menningarráði Suðurlands í nafni félagsins. Sótt verður um styrk til þess að prenta út og vinna að upplýsingum varðandi sögu Odda sem hægt verður að gera aðgengilegar í Safnaðarheimilinu í Odda. Hún greindi einnig frá því að til stendur að fá sýninguna Handritin alla leið heim í Safnaðarheimilið á Hellu. Sýningin kemur frá Húsinu á Eyrarbakka er hún fróðleikur um handritið Skáldskaparfræði.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Fundargerð aðalfundar Oddafélagsins 2014

Haldinn í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu miðvikudaginn 26. febrúar 2014.

8 voru mætt á fundinn.

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið. Hann flutti kveðjur frá félögum sem sent ekki gátu komist á fundinn, það voru: Birgir Jónsson, Björn Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Jón Einar Jakobsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Jón Þórðarson og Ingibjörg Ólafsdóttir.

- Formaður fluttu greinargerð síðasta árs og greindi frá starfsáætlun þessa árs. Síðasta aðalfundur var haldinn 27. febrúar 2013. Sæmundarstund var haldin hjá Sæmundi á selnum við Háskóla Íslands 20. mars 2013. Oddastefna var haldin í Safnaðarheimilinu á Hellu 25. maí 2013. Ræðumenn voru Einar Kárason rithöfundur, Ásgeir Jónsson hagfræðingur. Sigurður Sigurðarson dýralæknir og kona hans Ólöf Erla Halldórsdóttir kváðu kvæði eftir Hjört Pálsson. Fundargestir voru 70 talsins. Haldnir hafa verið 2 stjórnarfundir, 27. nóvember 2013 á Hellu og 12. febrúar 2014 í Reykjavík. Í Goðasteini var grein eftir formann, alþýðlegur samtíningur leikmanns um ábúendur í Odda frá upphafi til loka 13. aldar, Oddverja í þrjár og hálfra öld.

Framundan er Sæmundarstund á vorjafndægum 20. mars nk. Oddastefna laugardaginn e.h. 24. maí 2014 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. Á formaður pantaðan fundartíma hjá forsætisráðherra Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni og mun hann ræða Sæmundarvelli og framtíðarumhverfi Odda.

Formaður þakkaði stjórn og félagsmönnum ánægjulegt samstarf.

- Gert var kaffihlé á fundinum. Veitingar voru eins og áður í boði Héraðsnefndar Rangæinga og eru nefndinni þakkað fyrir stuðninginn.

- Gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins. Tekjur ársins voru: 27.003.- Gjöld: 16.228.- Hagnaður: 10.775.- Eign félagsins á reikningi er: 123.669.- Voru reikningar bornir upp og samþykktir. Gjaldkeri greindi einnig frá að félagsmenn eru um hundrað talsins.

- Kosnir skoðunarmenn voru: Guðmundur Einarsson og Heiðrún Ólafsdóttir.

- Stjórnin var endurkjörin með lófataki.

- Samþykkt að hafa árgjaldið óbreytt. Rætt um hvort hægt væri að útbúa seðla í heimabanka og ætla gjaldkeri að kanna málið.

- Rætt var um inngöngu í Samtök um ferðaþjónustu en formanni barst bréf þar sem félaginu var boðin innganga í samtökin. Talið er að félagið hafi alla burði til að vera með fulla aðild sem kosar 12.000,- árlega en hálf aðild kostar 6.000.- Fundurinn samþykkir að óska eftir hálfri aðild eða aukaaðild.

Undir liðnum önnur mál var þetta rætt:

- Sigurður Sigurðarson spurði fundin hvort setja ætti viðbót við nafn félagsins sem hétu þá: Oddafélagið – Sæmundur fróði. Hann velti einnig fyrir sér möguleikum félagsins á að láta útbúa minjagripni sem félagið gæti selt til að afla tekna.

- Rætt var um verkefnið: „Helluna heim” og hvort senda ætti út leiðangur á vegum félagsins til Ediborgar að leita hennar.

- Sigurður kynnti bók sína *Keldur á Rangárvöllum* sem er nýútgefin og fæst hjá höfundu á kostnaðarverði.

- Formaður ræddi um hvort hægt væri að standa fyrir ferð árið 2015 á slóðir Sæmundar fróða í Frakklandi. Þótti fundarfólki það áhugavert og nefnt var hvort ekki mætti vekja athygli á hugmyndinni á Oddastefnu.
- Formaður viðraði hugmynd sína um mögulegt minnismerki um Snorra ungan í Odda.

Fundið slitið